

## ***Jafnréttisáætlun Grunnskólans í Þorlákshöfn***

### ***Skólaárið 2023-2024***

#### **Inngangur**

Í 5. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, ber öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa 25 eða fleiri að setja sér aðgerðarbundna jafnréttisáætlun þar sem fram kemur hvernig starfsfólki eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 6.-14. gr. jafnréttislaga. Skólum ber auk þess að uppfylla 15. gr. jafnréttislaga um menntun og skólastarf.

Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna og jafna þannig stöðu þeirra á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áhersla á að allir nemendur hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu og atvinnulífi. Markmið námsins og kennslunnar og starfshættir skólans skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun m.a. vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar og trúarbragða.

Sveitarfélagið Ölfus hefur markað sér stefnu í jafnréttismálum. Þar er lögð áhersla á að grunnskólinn vinni markvisst að eflingu fræðslu um jafnréttismál og gegn neikvæðum staðalímyndum kynjanna. Jafnframt er óskað eftir því að skólinn geri áætlanir um hvernig jafnréttisfræðslu sé háttað.

Jafnréttisáætlun Grunnskólans í Þorlákshöfn fjallar annars vegar um nemendur og hins vegar um starfsfólk. Helsti áherslupátturinn í skólastarfinu er að nemendur og starfsfólk skólans nái hámarksárangri og að skólastarfið miði að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska. Mikilvægt er að starfið mótist af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni, þar sem hver og einn fær notið sín á eigin forsendum.

Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust, jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framar öðru góðan starfsanda.

Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks. Því er haft að leiðarljósi í skólastarfi Grunnskólans í Þorlákshöfn að tækifæri nemenda og starfsfólks byggi fyrst og fremst á hæfileikum og færni.

Mikilvægt er að nemendur og þeir sem starfa við skólann hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku og skal reynt að tryggja það með sem bestum hætti.

Allt skólastarf í Grunnskólanum í Þorlákshöfn skal vera í anda jafnréttis. Jafnrétti á að vera samofið leik og starfi nemenda og starfsfólks og þurfa allir að geta starfað í þeirri vissu að ekkert hamli þeirra starfsánægju.

Jafnréttisáætlun skólans er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma. Þar sem um grunnskóla er að ræða er hún kynnt sérstaklega fyrir foreldrum og er þar lögð áhersla á þann hluta hennar sem snýr að nemendum. Áætlunina má nálgast á heimasíðu skólans.

### **Ábyrgð**

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans og sér um að í september ár hvert sé kosið í jafnréttisnefnd sem sér um endurskoðun og viðhald jafnréttisáætlunarinnar. Í framkvæmdar-áætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlun er viðhaldið, hver/hverjir bera ábyrgð á einstökum þáttum hennar og og hvenær sá þáttur skal unninn.

### **Jafnréttisnefnd Grunnskólans í Þorlákshöfn**

Í jafnréttisnefnd Grunnskólans í Þorlákshöfn sitja fjórir fulltrúar kennara/starfsmanna. Hlutverk nefndarinnar er:

- Að fylgjast með að unnið sé eftir jafnréttisáætlun skólans
- Að endurskoða áætlunina árlega og koma tillögum að breytingum til skólastjóra
- Taka saman gögn sem unnið er að skv. áætluninni s.s. tölulegar upplýsingar og fylgja eftir umbótum í kjölfarið sé þess þörf
- Safna saman og miðla hugmyndum um jafnréttiskennslu
- Fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum um jafnréttismál kynjanna

### **Starfsmenn**

Starfsmenn Grunnskólans í Þorlákshöfn eru 62 talsins (febrúar 2024). Skipting milli kynjanna er þannig að konur eru 53 (85,5%) og karlar 7 (14,5%) af starfsfólki skólans. Launajafnrétti er í skólanum fyrir sambærileg störf.

Í stjórnarskrá lýðveldisins stendur að „ allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Allir starfsmenn eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing skal borin fyrir ólíkum skoðunum.

### **Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun**

Gæta skal fyllsta jafnréttis við ráðningu í öll störf og að val á starfsmanni sé óhjáð kyni. Auglýst störf skulu standa öllum kynjum opin til umsóknar.

Starfsfólk skólans nýtur sömu möguleika til símenntunar. Öll starfsþróun, fræðsla og endurmenntun skal vera aðgengileg öllum kynjum ef hún nýtist í starfi. Þá skal allt starfsfólk hafa jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuáðstæðum.

Stjórnendur skipuleggja vinnufyrirkomulag og gera nauðsynlegar ráðstafnair til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og einkalíf eins og frekast er kostur. Samræming þessara þátta byggist á gagnkvæmum skilningi vinnuveitanda og starfsfólks á þörfum hvors annars og vilja beggja aðila til að sýna tillitssemi og ná fram sanngjarnri niðurstöðu. Lykilhugtak í samræmingu vinnu og einkalífs er „sveigjanleiki“, en nota ber það með hagsmuni beggja aðila að leiðarljósi.

### **Launajafnrétti**

Gæta skal fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allt starfsfólk skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf.

Jafnréttissjónarmið skulu vera höfð að leiðarljósi til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið þegar ráðið er í störf. Reynt skal að halda fjölda starfsmanna af hvoru kyni sem jöfnustu að því gefnu að umsækjendur séu jafn hæfir.

### **Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni**

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn er kynbundið ofbeldi, kynbundið áreiti og kynferðisleg áreitni ekki liðin. Í 14. gr. jafnréttislaga segir að yfirmenn skuli gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í félagsstarfi eða skólum.

Skilgreining á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni er að finna í 2. gr.

jafnréttisliga. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Stjórnendur bera ábyrgð á því að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum. Þeir bera ábyrgð á og vinna í samvinnu við jafnréttisteymi að fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum samanber 14. gr. laganna. Halda verður við viðbragðsáætlun og fara reglulega yfir verklagsreglur hennar sem taka til forvarna og bregðast við komi til þess að beita verði viðurlögum, bæði meðal starfsfólk og nemenda.

### **Nemendur**

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Í náms- og starfsfræðslu skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

Auk þess skal kynjasambættingar gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfi. Kennslu- og námsgögn mega ekki mismuna kynjum og í starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu allir nemendur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf samanber 15. gr. laganna.

Við endurskoðun námskrár hvert ár er farið yfir af námskrárteymi skólans hvort þessu ákvæði sé fylgt eftir og hvort horft sé til þess í skipulagningu og áætlanagerð að námsgögn mismuni ekki kynjum. Þegar að starfsfræðslu kemur er þess gætt af kennurum og yfirstjórn skólans að kynin fari jafnt á vinnustaði sveitarfélagsins óháð starfsemi þeirra.

Skylt er að gæta þessa í námi, kennslu og daglegri umgengni við nemendur að hvers kyns mismunun vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna, í ljósi fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar er óheimil.

Öll vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er sérstök áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum, tilfinningum og lífsgildum annarra. Nemendur eiga að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum samskiptum.

## Framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun

Skólinn sem vinnustaður gerir áætlun um hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 4-12. gr. jafnréttis laga. Skólinn sem menntastofnun gerir áætlun um hvernig hann uppfyllir 14. og 15. gr. laganna gagnvart nemendum sínum.

Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið
Október 2023	Að framfylgja jafnréttis-áætlun skólans.	Skipa jafnréttisnefnd fyrir skólaárið 2023-2024.	Skólastjórnendur.	Október 2023
Ágúst 2023 - maí 2024	Að framfylgja jafnréttis-áætlun skólans.	Eftirfylgni með áætluninni. Fylgjast með að einstaka þættir séu unnir af ábyrgðaraðilum.	Skólastjórnendur, jafnréttisnefnd skólans.	Maí 2024
Október 2023	Kynna jafnréttisáætlun.	Kynna nemendahluta jafnréttisáætlunarinnar fyrir foreldrum á kynningarfundum. Áætlun sett á heimasíðu skólans.	Umsjónarkennarar, heimasíðuteymi.	Október 2023
Skólaárið 2023-2024	Að vekja og viðhalda meðvitund starfsfólks um jafnrétti í skólanum og hvernig þeir stuðli að því í starfi sínu (15. gr.).	Jafnréttisáætlun og jafnréttismál rædd á starfsmannafundum til að vekja starfsfólk til umhugsunar og meðvitundar um það hvernig þeir ræða við nemendur, hvernig kennslu er háttað og hvaða námsgögn eru notuð.	Jafnréttisnefnd og stjórnendur.	Maí 2024
Skólaárið 2023-2024	Laus störf standi konum og körlum og fólki með hlutlausa skráningu til boða (12. gr.)	Vísað í jafnréttisáætlun skólans og jafnréttisstefnu sveitarfélagsins þegar auglýst er eftir starfsfólki.	Skólastjóri.	Þegar við á.
Skólaárið 2023-2024	Að jafna kynjahlutfallið í skólanum (4. og 12. gr.)	Hvetja karla sérstaklega til að sækja um lausar stöður við skólann.	Skólastjóri.	Þegar við á.
Júní 2024	Að konur og karlar og fólk með hlutlausa skráningu fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf (6. gr.).	Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun Ölfus 2023	Bæjaryfirvöld.	Júní 2024

Júní 2024	Að konur, karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf (6. gr.).	Greina þarf laun og fríðindi starfsmanna til að kanna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða innan skólans og leiðréttu launin ef fram kemur óútskýranlegur munur á launum karla og kvenna.	Skólastjóri, jafnréttisnefnd og bæjaryfirvöld.	Júní 2024
Skólaárið 2023-2024	Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun (12. gr.).	Skólastjórnendur og jafnréttisnefnd skulu gæta þess og hvetja til að starfsmenn sækji sér endurmenntun á sviði jafnréttismála.	Skólastjórnendur og jafnréttisnefnd.	Allt skólaárið.
Mái – júní 2023-2024	Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun (12. gr.).	Skólastjóri og jafnréttisnefnd geri greiningu á sókn kvenna og karla og fólks með hlutlausa skráninu kyns í þjóðskrá í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og starfsþjálfun. Geri jafnframt viðeigandi leiðréttingar komi óútskýrður munur í ljós.	Skólastjóri og jafnréttisnefnd.	Júní 2024
Skólaárið 2023-2024	Að vera fjölskylduvænn vinnustaður (13. gr.).	Koma á kerfi sveigjanlegs vinnutíma (eins og rammur kjarasamninga leyfa) og stefnu skólans hvað varðar samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.	Skólastjórnendur og jafnréttisnefnd.	Unnið allt skólaárið.
Júní 2024	Að vera fjölskylduvænn vinnustaður (13. gr.).	Marka stefnu um sveigjanleika í vinnutilhögun og samræmingu fjölskyldu- og atvinnu til að koma í veg fyrir togstreitu og skapa fjölskylduvænt vinnuumhverfi.	Sveitarfélagið Ölfus, skólayfirvöld.	Júní 2024
Skólaárið 2023-2024	Að bæði konur og karlar nýti sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og sé leyfi vegna veikinda barna (13. gr.).	Kynna fyrir starfsfólki og þá sérstaklega verðandi foreldrum, réttindi og skyldur sem það hefur gagnvart vinnustaðnum.	Skólastjórnendur og jafnréttisnefnd.	Unnið allt skólaárið.

Október 2023	Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni sé ekki liðin í skólanum (14. gr.).	Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni fyrir kennara, annað starfsfólk og nemendur.	Skólastjórnendur og jafnréttisnefnd.	Október 2023
Október 2023	Að viðbragðsáætlun sem tekur á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni sé til og uppfærð reglulega fyrir skólann (14. gr.).	Vinna að viðbragsáætlun sem inniheldur verklagsreglur og tekur til forvarna.	Skólastjórnendur og jafnréttisnefnd.	Október 2023
Október 2023	Viðbragðsáætlun skal byggja á reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (14. gr.).	Viðbragðsáætlun kynnt fyrir kennurum, öðru starfsfólki og nemendum.	Skólastjórnendur og jafnréttisnefnd.	Október 2023
Október 2023 og apríl 2024	Að kanna kynbundinn mun á líðan, sjálfsmynd, nám, áform og virkni nemenda.	Nemendakönnun Skólapúlsins lögð fyrir.	Skólastjórnendur.	Apríl 2024
Skólaárið 2023-2024	Nemendur fái jafnréttis og kynjafraeðslu við hæfi (15. gr.).	Vinna með jafnrétti kynjanna í lífsleikni og námskrágerð. Jafnréttisfræðsla verði samþætt inn í allar námsgreinar á öllum skólastigum.	Umsjónarkennarar, kennarar.	Maí 2024
Skólaárið 2023-2024	Að vinna gegn stöðluðum ímyndum kynjanna (15. gr.).	Heimsóknir foreldra og annarra í skólann sem kynna ýmis störf. Þegar að starfsfræðslu kemur er þess gætt af kennurum og yfirstjórn skólans að bæði kynin fari á jafnt á alla vinnustaði sveitarfélagsins óháð starfsemi þeirra.	Skólastjórnendur, kennarar.	Maí 2024
Skólaárið 2023-2024	Kennslu- og námsgögn skólans skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað (15. gr.).	Vanda kennsluaðferðir og námsgögn þannig að þau mismuni ekki nemendum. Námsfni allra námsgreina er skoðað út frá jafnréttis sjónarmiði.	Kennarar, stjórnendur.	Maí 2024

Skólaárið 2023-2024	Að allir nemendur fái kennslu við hæfi (15. gr.).	Kennarar beiti fjölbreyttum kennsluháttum. Ólík reynsla og gildismat njóti sín.	Kennarar.	Mái 2024
Apríl – maí 2024	Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólanum (15. gr.).	Stjórnendur og kennarar sækja námskeið í sambættingu jafnréttis og kynja-sjónarmiða.	Skólastjórnendur, jafnréttisnefnd.	Mái 2024
Mái – júní 2024	Að fara yfir og meta jafnréttisstarf og jafnréttisáætlun skólans.	Notast við sjálfsmat skólans og starfsmanna-viðtöl. Kynning að hausti fyrir nemendur og foreldra.	Jafnréttisnefnd, stjórnendur, starfsfólk.	Júní 2024
Mái – júní 2024	Að jafnréttisáætlunin sé í sífelldri þróun eins og önnur stefnumótun.	Vinna að tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannana.	Skólastjórnendur, jafnréttisnefnd.	Júní 2024

### Lokaorð

Mikilvægt er að fram fari faglegt og reglubundið mat á áhrifum jafnréttisáætlunar og jafnréttisstarfs í skólanum. Grunnskólinn í Þorlákshöfn sinnir innra mati skólafarsins með reglulegum hætti. Innra mat fer meðal annars fram í starfsmannasamtölum, með könnunum á meðal nemenda, starfsmanna og foreldra á vegum Skólafarsins. Með þessum könnunum gefst gott tækifæri til að kanna og leggja mat á stöðu jafnréttismála í skólanum. Jafnréttisáætlun þessi skal endurskoðuð á þriggja ára fresti og aðgerðaráætlunin endurskoðuð við upphaf hvers skólaárs.

### Jafnréttisnefnd Grunnskólans í Þorlákshöfn skipa:

Jónína Magnúsdóttir  
Hrönn Sverrisdóttir  
Aðalheiður Anna Erlingsdóttir  
Ingibjörg Jóhannsdóttir

### Jafnréttisáætlun Grunnskólans í Þorlákshöfn byggir á:

Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun Ölfuss 2023  
Skólastefnu Ölfuss 2024  
Lögum um grunnskóla nr. 91/2008  
Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020  
Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011  
Skólanámskrá Grunnskólans í Þorlákshöfn  
Heimasíðu Jafnréttisstofu; jafnretti.is. – um skólamála